

Fundur myndlistarráðs
Míðvikudagur 14. apríl kl. 8:30

Fundur nr. 21/2021

Fjarfundur
Gimli, Lækjargata 3
101 Reykjavík

Mættir á fundinn: Helgi Þorgils Friðjónsson, formaður Myndlistarráðs, Dagný Heiðdal, varaformaður (Listasafn Íslands), Hannes Sigurðsson (Listfræðafélag Íslands), Guðrún Erla Geirsdóttir (SÍM) og Hlynur Helgason (SÍM), Auður Jörundsdóttir, forstöðumaður KÍM og Klara Þórhallsdóttir, verkefnastjóri KÍM ritar fundargerð.

Dagskrá:

1. Úthlutun 2021 – Eftirfylgni.

Fulltrúar myndlistarráðs í matsnefndum greindu stuttlega frá vinnu við úthlutun og rætt var um það sem helst vakti athygli og hvað mætti betur fara.

Athygli vakti hvað umsækjendum gengi misjafnlega að fylla út í kostnaðaráætlunina og lögðu mismunandi skilning í þann lið. Gott væri að hafa frekari leiðbeiningar. Rætt var um fyrirkomulag styrkflokka og hvort rétt hefði verið að gera þá breytingu að fækka þeim úr fimm í þrjá. Á heildina litið kom það ágætlega út t.d. í sýningarverkefnum þótti sú breyting ekki skipta miklu máli við yfirferð umsókna.

Einnig vakti það athygli að umsækjendur létu oft ekki fylgja með mikilvæg gögn s.s. myndir eða tengla á heimasíður og fannst matsnefnd vöntun á. Þeir liðir eru í forminu en eru neðst og mættu kannski vera sýnilegri.

Auk þess var ákveðið að bæta í umsóknarformið nokkrum liðum, eins og, hvar sýningarverkefni fer fram og í hvaða miðla er unnið, jafnvel einhverjar frekari upplýsingar til greiningar á stöðunni. Gott er að halda því til haga að gæta þarf að viðkvæmum persónulegum upplýsingum og því getur verið flókið að kalla eftir sumum upplýsingum.

Mikilvægt er að umsóknir berist í gegnum formið en til þess þarf umsækjandi að hafa kennitölu. Ef t.d. um erlenda stofnun er að ræða eða umsækjenda sem er ekki með kennitölu þarf verkefnið að vera í samstarfi með einhverjum sem er með íslenska kennitölu. Í forminu er liður þar sem hægt er að skrá annarsvegar umsækjanda og svo tengilið sem getur nýst við þær aðstæður.

Klara útfærir þessar breytingar og kemur með tillögu að nýju umsóknarformi fyrir næsta fund.

2. Töluleg gögn fyrri úthlutana lögð fyrir ráðsmenn til skoðunar.

Á síðasta fundi var óskað eftir yfirliti yfir úthlutanir síðustu ára og þau gögn lögð fram. Í gögnunum kemur fram umsóknarfjöldi, upphæðir sem sótt er um, fjöldi úthlutana eftir flokkum og skipting fjármagns aftur til ársins 2013 eða þegar myndlistarsjóður tók til starfa. Engar sérstakar athugasemdir komu varðandi þau gögn önnur en að áhugavert væri að sjá enn frekari greiningu í aðgengilegra formi.

3. Erindi Guðrúnar Erlu Geirsdóttir, fulltrúi SÍM, varðandi tillögu til umræðu um að fjölga viðurkenningum myndlistarráðs á íslensku myndlistarverðlaununum

1. **Áhugaverðasta endurlitið**

Viðurkenning fyrir áhugaverðasta endurlitið er árlega veitt safni, sýningarými, hópi og/eða sýningarstjóra sem staðið hefur að einstakleg vel heppnaðri sýningu á eldri innlendri myndlist þar sem ljósi er varpað á listgrein, stefnu, hóp eða einstakling.

2. **Áhugaverðasta samsýningin**

Viðurkenningin áhugaverðasta samsýningin er veitt safni, sýningarými, myndlistahátíð, hópi og/eða sýningarstjóra er staðið hefur að samsýningu á innlendri myndlist sem talin er hafa skorað framúr á sýningavettvangi hér á landi á síðasta ári.

Rætt var um hvort áhugi væri fyrir því að fjölga viðurkenningunum myndlistarráðs og þótti sumum ekki tímabært að fjölga þeim. Það gæti leitt til þess að erfiðara verði að fá athygli fjölmiðla á þá verðlaunahafa sem fyrir eru en sú varð raunin nú síðast. Einnig var rætt um afhendingu íslensku myndlistarverðlaunanna nú síðast en ljóst þykir að margt fór ekki eins og lagt var uppi með og ákveðið var að taka það sérstaklega fyrir á næsta fundi. Þá verður jafnframt greitt atkvæði um hvort tímabært sé að fjölga viðurkenningum að svo stöddu.

4. Önnur mál

Enginn

Næsti fundur er áætlaður þriðjudag 18. maí kl. 8:30

Fundi slitið kl. 9:45